

L Ö G

70

4. júlí

um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja bæjarsjóði Reykjavíkur þjóðjörðina Hólm í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu. Námuréttindi í landi Hólms eru undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

71

4. júlí

um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941 bætist:

Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.